

Því dæmist rétt vera:

Áfryjendurnir Kristján Torfason og Finnur Finns-son greiði stefndu Karli Olgeirssyni, fyrir hönd Edinborgarverzlunar á Ísafirði, og Friðriki Tómassyni 405 kr. með 5% ársvöxtum frá 1. okt. 1910 og 450 kr. með sömu vöxtum frá 1. jan. 1911, hvortveggja til borgunardags. Um málskostnað í héraði skal gestaréttardóminum óraskað. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfryjendur stefndu 40 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögregri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 9/1913. Ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs-
 gegn
 Rúti og Eyólfi Þorsteinssonum.

D ó m u r:

Í máli þessu, sem er barnsfaðernismál, höfðað í héraði fyrir aðstoð lögreglustjórans í Rangárvallasýslu af stúlkunni Sofflu Sigríði Jóhannsdóttur í Varmahlíð í Vestur-Eyjafjallahreppi, gegn stefndu, bræðrunum Rúti og Eyólfi Þorsteinssonum á Hrútafelli í Austur-Eyjafjallahreppi, var dómur uppkveðinn 7. nóv. 1912 í lögreglurétti nefndrar sýslu, svohljóðandi: »Svo framarlega sem kærandi málsins, Soffla Sigríður Jóhannsdóttir, eftir löglegan tilbúning eiðsmáls á varnarþingi sínu treystir sér til þess að vinna

eid að þeirri skýrslu sinni, að Rútur Þorsteinsson á Hrútafelli í Austur-Eyjafjallahreppi og Eyólfur Þorsteinsson sama staðar hafi hvor í sínu lagi átt samræði við hana haustið 1910, á þeim tíma, að annarhvor þeirra geti verið faðir að barninu Svanhvít, er hún ól 11. ágúst f. á., þá ber þeim að ala önn fyrir því samkvæmt landslögum um skyldu föður óskilgetins barns til uppeldis, að sínum helmingi hvor, en til vara in solidum, samkvæmt yfirvaldsúrskurði, og greiði eftir sömu reglu barnsmóðurinni hæfilegt endurgjald fyrir barnsfararkostnað. En treysti hún sér ekki til þessa, eða vinni eigi hinn umrædda eið, eiga ákærðu að vera sýknir af kærnum og kröfum barnsmóðurrinnar í þessu máli. Málskostnaðarkröfur málsaðila falla niður. Málfærslulaun hins skipaða talsmanns, Gissurs Jónssonar í Drangshlíð, 10 krónur, greiðist ásamt öðrum löglegum kostnaði málsins af almannafé.

Afrýjandinn, ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðsins, hefir skotið þessu máli til yfirdómsins með stefnu, dags. 28. jan. þ. á., vegna málskostnaðarákvæðis dómsins eins, og hefir þess verið krafist af hans hálfu hér fyrir réttinum, að hinir stefndu verði dæmdir til að greiða málskostnaðinn fyrir lögregluréttinum, 75 kr., samkvæmt framlögðum reikningi sýslumannsins yfir kostnað í málinu, ef barnsmóðirin Soffía Sigríður Jóhannsdóttir vinnur eið þann, er henni er fyrirlagður í dómnum, og að þeir ennfremur verði dæmdir til að greiða landssjóði kostnað þessa máls eftir mati yfirdómsins. Af stefndu hálfu hefir þess aftur á móti verið krafist, aðallega að málinu verði vísað frá dómi og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, en til vara, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Stefndu hafa krafist frávisunar málsins fyrir það, að dómkrafa áfrýjanda fyrir yfirdóminum sé of óákveðin, þar sem ekki sé tiltekið í henni, í hverju hlutfalli áfrýjandi ætlast til, að stefndu verði dæmdir til að greiða málskostnaðinn, og hvort þeir ættu að greiða hann pro rata eða in solidum. En áfrýjandi hefir viljað láta þetta vera á valdi yfirdómsins, og hafði hann rétt til þess, og verður frávisunarkrafan ekki tekin til greina.

Kröfu áfrýjanda, um að stefndu verði dæmdir til að greiða kostnaðinn í héraði af barnsfaðernismálinu, hafa stefndu mótmælt af þeirri ástæðu, að þótt barnsmóðirin vinni eiðinn, þá sé eigi þar með fengin nein sönnun gegn því, að synjun þeirra fyrir faðerni að barninu sé rétt, eða að þeir hafi haft á réttu að standa í málinu. En þetta skiftir ekki máli hér, fremur en ef stefndu hefði verið fyrirlagt að vinna eiðinn. En ástæðan til þess, að stefndu var eigi gert að vinna eiðinn var sú, að þeir báðir lýstu sig fyrir lögregluréttinum ófúsa til að útkljá málið með eiði og kváðust vilja gefa barnsmóðurinni eftir eiðinn, en þessi framkoma þeirra í málinu, vakti hjá dómaranum eins og í dóminum segir »grun eða skapaði sterkar líkur gegn þeim (stefndu), að framburður barnsmóðurrinnar um að samræði hafi átt sér stað með þeim báðum og henni á þeim tíma, að hvor um sig geti verið faðir að hinu umrædda barni, sé sannur«, og því dæmdi hann barnsmóðurinni eiðinn. Það lá þannig fyrir bein ósk stefndu og samþykki til þess, að málið skyldi vera komið undir eiði barnsmóðurrinnar, og var þá, þegar af þeirri ástæðu, sjálfsgagt að málskostnaðurinn félli á þá, ef eiðurinn yrði unninn. Það ber því að breyta málskostnaðarákvæði dómsins samkvæmt kröfu áfrýjanda, og með því að yfir-

dómurinn felst á upphæð málfærslulauna þeirra, er dæmð eru hinum skipaða málfutningsmanni barnsmóðurinnar, og hinn framlagði kostnaðarreikningur virðist að öðru leyti mega álitast úrskurðaður réttur af stjórnarráðinu (áfrýjanda) sbr. lög. nr. 2, 2. febr. 1894 og tilsk. 23. ág. 1904, ber að dæma stefndu til að greiða landssjóði upphæð hans 75 krónur, ef barnsmóðirin vinnur hinn fyrirlagða eið. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eftir atvikum eiga að falla niður.

Þvi dæmist rétt vera:

Vinni barnsmóðirin Soffía Sigríður Jóhannsdóttir hinn fyrirlagða eið, skulu hinir stefndu Rútur og Eyólfur Þorsteinssynir greiða landssjóði in solidum kostnað málsins fyrir lögregluréttinum að meðtöldum málfærslulaunum hins skipaða málfærslumanns hennar þar, með 75 krónum. Að öðru leyti á lögregluréttar-dómurinn að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaðför.